

7. gr.

Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 2 500.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 243 8. júní 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 24. janúar 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

ERINDISBRÉF

fyrir æfingakennara við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands.

1. gr.

Um ráðningu æfingakennara vísast til laga Kennaraháskóla Íslands nr. 38/1971 og reglugerðar sama skóla frá 31. maí 1974.

2. gr.

Störf æfingakennara skiptast milli kennslu í Æfingaskólanum, kennslu í kennslufræðum við Kennaraháskóla Íslands og annarra verkefna, sem tilgreind eru í bréfi þessu. Náð samstarf skal vera milli æfingakennara og kenara K. H. Í. Jafnframt vísast til ákvæða 65. gr. reglugerðar um Kennaraháskóla Íslands.

3. gr.

Æfingakennarar eru æfingastjóra til aðstoðar við skipulagningu og framkvæmd æfingakennslu. Þeir hafa umsjón með því að kennaraefni tileinki sér færni og öryggi í að undirbúa og annast á eigin spýtur kennslu í skyldunámsskólum, öðlist skilning á öðrum viðfangsefnum kennara og leikni í að sinna þeim. Þeir rækja samvinnu við lausráðna æfingakennara með viðtölum, fundahöldum eða heimsóknum og reyna eftir föngum að fylgjast með framgangi kennaraefna.

4. gr.

Æfingakennari aðstoðar kennaraefni við undirbúning kennslu, þannig að framsetning efnis og vinnubrögð hæfi getu og þörfum nemenda sem í hlut eiga og þjóni markmiðum þeirra námsgreina sem kenna skal.

Æfingakennari ræðir við kennaraefni að kennslu þeirra lokinni, aðstoðar þá við að meta kennsluna og ræðir við þá um viðbrögð nemenda með hliðsjón af grundvallaratriðum uppeldisfræða. Hann leiðbeinir um þá þætti sem betur máttu fara og hvetur kennaraefni til að leita eigin leiða í starfi sínu.

5. gr.

Æfingakennarar annast sýnikennslu fyrir kennaraefni og fella hana að öðrum þáttum í námi þeirra.

Æfingakennarar aðstoða kennaranema í verki við undirbúning kennslu eftir því sem húsrými og starfsskilyrði í Æfingaskólanum leyfa og veita þeim jafnframt, í sérstökum viðtalstímum, leiðsögn um kennslu almennt.

6. gr.

Heimilt er skólastjóra Æfingaskólans að kveðja æfingakennara til starfa að nýbreytniverkefnum innan skólans. Taka þau störf til nýbreytni í skipulagi skólans, kennsluháttum og námsefni. Fela má æfingakennara fagstjórn í Æfingaskólanum í tilteknum námsgreinum.

Þá má einnig fela æfingakennara rannsóknarverkefni er lúta að skólastarfi. Slík verkefni skulu jafnan unnin í samráði við kennara K. H. Í.

7. gr.

Æfingakennari skal fylgjast með nýjungum í skólastarfi almennt og á sínu sérsviði. Hann skal miðla þeirri þekkingu til lausráðinna æfingakennara og annarra eftir því sem við verður komið.

8. gr.

Stjórn Æfingaskólans og Kennaraháskólans ákveður ár hvert í samráði við æfingakennara og með hliðsjón af kjarasamningum hvernig starfskylda þeirra skiptist milli kennslu og annarra þeirra verkefna sem þeim ber að sinna samkvæmt erindisbréfi þessu.

9. gr.

Að öðru leyti gildir erindisbréf fyrir kennara í grunnskóla nr. 198/1976 einnig fyrir æfingakennara.

Menntamálaráðuneytið, 20. janúar 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

B 17